



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2016

## ENSK3YL05

Yndislestur

<b>Kennarar:</b>	Kristjana Hrund Bárðardóttir (KHB) Paola Ýr Daziani (PD)
------------------	---

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir fjórum skáldsögum munnlega og skrifa ritrýni um eina. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

**Undanfari:** Hafa lokið 15 einingum á 2. þrepi eða ENSK2OR05 og ENSK2OL05

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- stjórnámálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
- leggja gagnrýnið mat á texta
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel

- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
- tjá tilfinningar, nota hugarflugnið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli

### Námsefni:

Sjá bókalista. Allar skáldsögurnar eru til á bókasafni skólans.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Próf 1 25. - 29. janúar

Próf 2 15. - 19. febrúar

Próf 3 14. - 18. mars

Próf 4 18. - 22. apríl

Próf 5 10. maí

Hver nemandi fæ áætlaðan tíma (um 10 mín.) fyrir munnleg próf 1 - 4.

Próf 5 er skriflegt og fer fram á sama tíma fyrir alla nemendur.

### Sérreglur áfangans:

Það er skylda að taka öll 5 prófin. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf sem fyrst eða um leið og tækifæri gefst eftir ákvörðun kennara. Moodle er notað sem upplýsingabanki og er sérstaklega mikilvægt að fylgjast vel með. Þessar reglur gilda fyrir alla nemendur, líka 20 ára eða eldri.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Bók 1	Munnlegt próf	20%
Bók 2	Munnlegt próf	20%
Bók 3	Munnlegt próf	20%
Bók 4	Munnlegt próf	20%
Bók 5	Book review	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.